

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
Reykjavík



Aðeins sent á netfang uua@uua.is

Reykjavík, 9. júlí 2019

ÓFEIG náttúruvernd, kt. 471118-0280, Lindargötu 57, Reykjavík, kærir hér með ákvörðun Árneshrepps (leyfisveitanda):

Ákvörðun tekin 12. júní 2019 um að heimila einkahlutafélaginu VesturVerki framkvæmdina „gerð vinnuvega og efnistöku vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun“.

ÓFEIG náttúruvernd krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og framkvæmdir stöðvaðar.

Landeigendur að Drangavík hafa með kærubréfi dags. 23. júní 2019 og fern náttúruverndarsamtök með kærubréfi dagsettu í dag gert sömu kröfur fyrir úrskurðarnefndinni og ÓFEIG. Rök ÓFEIGAR fyrir kæru eru að öllu leyti þau sömu og fram koma í málsástæðuköflum kærubréfa þessarra og er vísað til þeirra.

Kæruheimild er byggð á b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stöðvunarheimild úrskurðarnefndarinnar er í 1. mgr. 5. gr. laganna. ÓFEIG á lögvarinna hagsmuna að gæta skv. 3. mgr. 4. gr. laganna en það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta hagsmunanna sem kæran lýtur að. Uppfylla samtökin skilyrði 3. mgr. og 1. málslíðar 4. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, þau voru stofnuð 24. október 2018 og voru stofnfélagar 35. Starfsárið er almanaksárið og senda samtökin ekki ársskýrslu eða ársreikning með kæru þessari en auðsótt er að útvega frekari gögn, óski nefndin eftir því.

Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi lögum samkvæmt og veitti leyfisveitandi hið kærða leyfi 12. júní 2019. Var ákvörðunin kynnt á heimasíðu leyfisveitanda 15 dögum síðar en ekki er kunnugt um hvort, hvenær eða hvar hún var auglýst. Alveg ljóst virðist þó að lögmæt birting hefur ekki farið fram í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 14. gr. skipulagslaga og 8. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, en ákvörðun skal birta með þar greindum hætti (í Lögbirtingarblaði og dagblaði á landsvísu) innan tveggja vikna frá „afgreiðslu leyfisveitanda“. Má af orðalagi og samhengi síðastgreinds ákvæðis ráða að skyldan stofnist við veitingu framkvæmdaleyfis með ákvörðun leyfisveitanda, en ekki við hina skriflegu útgáfu skipulagsfulltrúa sem hinsvegar er fjallað um í 11. gr. reglugerðarinnar. Er því hin kærða ákvörðun ógildanleg þegar af þeirri ástæðu að ákvæðin eru ekki uppfyllt. Í hinni kærðu ákvörðun var heldur ekki getið kæruheimilda og kærufresta svo sem bæði tilvitnuð ákvæði mæla fyrir um að gert skuli og er ákvörðunin því ógildanlega einnig af þeirri ástæðu en ákvæði sama efnis er að finna í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat a umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki er ljóst hvort farið var í einu og öllu að öðrum ákvæðum reglugerðar um framkvæmdaleyfi, sbr. einkum 4., 7. og 10. gr. Gerir ÓFEIG ráð fyrir að það muni upplýsast í málsmeðferðinni.

Kæra þessi er fram borin innan kærufrests skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um atvik öll og málsástæður er að öðru leyti vísað til kærubréfanna og þeirra gagna er þeim fylgdu eftir því sem við á.

f.h. ÓFEIGAR náttúruverndar,



Sif Konráðsdóttir
stjórnarformaður
sif.konradsdottir@gmail.com

Fylgiskjöl/hlekkir:

1. [Kæra](#) landeigenda Drangavíkur dagsett 23. júní 2019, móttokin af úrskurðarnefnd 24. júní 2019
2. [Kæra](#) Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Rjúkandi og Ungra umhverfissinna dagsett 9. júlí 2019, móttokin af úrskurðarnefnd 8. júlí 2019
3. Samþykktir samtakanna ÓFEIGAR náttúruverndar undirritaðar 24. október 2018